

## Ráðningarsamningur

Þingeyjarsveit, kt. 550322-1100, og Jón Hrói Finnsson, kt. 090772-5389, gera með sér svofelldan samning um ráðningu, starfsskyldur og starfskjör Jóns Hróa í starfi sveitarstjóra Þingeyjarsveitar kjörtímabilið 2022-2026. Samningurinn er gerður með tilvísun til VI. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 (54.-57. gr.) og samþykktar um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar nr. 975/2022.

1. Jón Hrói Finnsson kt. 090772-5389, til heimilis að Hafnarstræti 86, Akureyri, er ráðinn sveitarstjóri Þingeyjarsveitar frá 1. september 2022 til loka kjörtímabilsins 2022-2026. Sé ekki um annað samið rennur ráðningartíminn út 29. maí 2026.
2. Mánaðarlaun sveitarstjóra við upphaf ráðningartíma skulu vera kr. 1.500.000,-. Mánaðarlaun taka sömu hlutfallslegu breytingum og laun samkvæmt launaflokki 70 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Fræðagarðs.
3. Starfsskyldur sveitarstjóra eru samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.
4. Vikulegur dagvinnutími sveitarstjóra eru 36 stundir. Því til viðbótar má gera ráð fyrir að sveitarstjóri þurfi reglulega að sitja fundi og viðburði á vegum og fyrir hönd sveitarfélagsins. Greiðslur fyrir alla vinnu utan dagvinnutíma eru innifaldar í mánaðarlaunum skv. 2. tölulið.
5. Sveitarstjóri hefur aðgang að bifreiðum í eigu sveitarfélagsins og skal leitast við að nýta þær eins og kostur er á ferðum sem farnar eru vegna starfsins. Þurfi sveitarstjóri að nýta eigin bíl á ferðum á vegum sveitarfélagsins er greitt almennt akstursgjald samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar (nú kr. 127,-).
6. Þingeyjarsveit greiðir allan ferða-, fæðis- og gistikostnað sem til fellur á ferðalögum sem farin eru á vegum sveitarfélagsins. Útlagður kostnaður er greiddur samkvæmt framvísun reiknings.
7. Þingeyjarsveit greiðir fyrir farsímanotkun sveitarstjóra.
8. Sveitarstjóra er heimilt að taka að sér trúnaðarstörf og verkefni á borð við setu í starfshópum, nefndum eða stjórnnum að því marki að það skarast ekki við starfsskyldur hans sem sveitarstjóri. Krefjist slík störf fjarveru á dagvinnutíma skal sveitarstjóri hafa samráð við oddvita áður en hann tekur að sér slík verkefni. Gildir þá einu hvort verkefnin eru launuð eða ólaunuð.
9. Við ákvörðun um setu sveitarstjóra í nefndum, starfshópum, stjórnnum o.b.h. fyrir hönd sveitarfélagsins skal horfa til þess að slík verkefni komi ekki í veg fyrir að sveitarstjóri geti annað starfsskyldum sínum sem sveitarstjóri og að álag sé innan hæfilegra marka.
10. Um orlof, slysatryggingar, lífeyrissjóð, veikindarétt og önnur almenn réttindi launþega, sem ekki er kveðið á um í samningi þessum fer eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Fræðagarð.
11. Samningur þessi er uppsegjanlegur á samningstímanum af beggja hálfu með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast við mánaðarmót. Við



uppsögn af hálfu sveitarstjórnar skal sveitarstjóri halda föstum launum í þrjá mánuði eftir að uppsagnartíma lýkur. Hið sama á við ef ráðningartími skv. 1. grein rennur sitt skeið án þess að samið sé um framhald ráðningar.

12. Hvor aðili um sig getur hvenær sem er óskað endurskoðunar á samningi þessum ef sérstakar aðstæður krefja. Slík endurskoðun er háð samþykki beggja aðila.
13. Orlof sveitarstjóra skal vera 30 dagar á hverju almanaksári. Sveitarstjóri skal ákveða orlofstíma m.t.t. hagsmuna sveitarfélagsins og skulu orlofsdagar teknir í samráði við oddvita sveitarfélagsins. Sveitarstjóri skal að lágmarki taka 15 daga samfellt orlof á sumarleyfistíma og tryggja að staðgengill hans sé tiltækur þann tíma. Sveitastjóri sjálfur ábyrgð á að haga sínum störfum þannig að töku orlofs undangengins orlofstímabils sé lokið fyrir 1. maí ár hvert. Um frestun orlofs gilda ákvæði áðurnefnds kjarasamnings.
14. Eigi síðar en einum mánuði áður en ráðningartími rennur út skal sveitarstjóri taka saman yfirlit yfir öll verkefni sem hann hefur umsjón með eða krefjast aðkomu sveitarstjóra, s.s. fjárfestingarverkefni, framkvæmdir og samningagerð, í þeim tilgangi að búa nýja sveitarstjórn og nýjan framkvæmdarstjóra undir að taka við rekstri sveitarfélagsins. Við starfslok skal sveitastjóri jafnframt hafa forgöngu um að tryggja að staðgengill hans samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins sé upplýstur um öll verkefni sem eru í vinnslu.
15. Sveitarstjóri skal við starfslok afhenda sveitarfélagini öll gögn sem starfinu tilheyra og hann hefur undir höndum. Öll tölvugögn og skjöl sem sveitarstjóri vinnur fyrir sveitarfélagið eru eign þess og afsalar hann sér öllum höfundar- eða eignarrétti á slíkum gögnum með samningi þessum.
16. Við starfslok, á uppsagnar- og biðlaunatíma, skal sveitastjóri vera sveitarstjórn, staðgengli og/eða eftirmanni sínum innan handar um upplýsingar um þau mál sem hann hefur haft með höndum eftir því sem nauðsyn krefur og innan eðlilegra marka.

Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar


Laugum, 31. ágúst 2022

Sveitarstjóri:




Jón Hrói Finnsson

F.h. Sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar:



Gerður Sigtryggsdóttir, oddviti



Þingeyjarsveit

Viðauki við ráðningarsamning sveitarstjóra dags. 31. ágúst 2022

## Tímabundin ákvæði

Við upphaf starfstíma Jóns Hróa í starfi sveitarstjóra Þingeyjarsveitar hefur hann ekki lokið öllum verkefnum sem hann hefur tekið að sér í fyrra starfi sem ráðgjafi. Af þeim sökum fellst sveitarstjórn Þingeyjarsveitar á að hann vinni áfram að þeim verkefnum þar sem er lokið, enda hafi þau í eðli sínu og umfangi ekki áhrif á getu hans til að sinna starfi sveitarstjóra.

Kalli störf við ofangreind verkefni á fjarveru sveitarstjóra á dagvinnutíma skal sá tími dregin frá þeim tíma sem greitt er fyrir eða unninn upp utan hefðbundins dagvinnutíma. Kalli verkefnin á ferðalög skulu þeir dagar sem sveitarstjóri kann að vera fjarverandi teljast sem orlofsdagar, dregnir frá launum eða metnir miðað við vinnuframlag í þágu Þingeyjarsveitar í samráði við oddvita.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 31. desember 2022 eða þegar umræddum verkefnum er lokið.

Með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

Laugum, 31. ágúst 2022

Sveitarstjóri:

Jón Hrói Finnsson

F.h. Sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar:

Gerður Sigtryggsdóttir, oddviti